

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Stykkishólms Apóteks.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Stykkishólms Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga	kl. 10—12 og 13—18
Þriðjudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—19

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 31.

19. janúar 1973.

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Nes Apóteks, Neskaupstað.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Nes Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—18.45

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 32.


22. janúar 1973.

AUGLÝSING**um friðland í Hvannalindum.**

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð hinn 30. október 1972 ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hvannalindir á Brúaröræfum í Norður-Múlasýslu, ásamt næsta umhverfi og er svæðið friðland. Má þar hvorki skerða gróður, skaða dýralíf, né gera þar jarðrask.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan Kreppa. Að vestan lína frá Lindaárósi í kamb, sem ber hæst í hraunjarðinum vestan Lindaár, þaðan lína suðvestur í Kverkhjúk, sem er 893 m. á hæð yfir sjó (samkvæmt korti Herforingjaráðs frá árinu 1954), þaðan lína austur um hjúk, 776 m. á hæð yfir sjó, rétt sunnan tjarnanna í Lindahrauni vestur í Kreppu.



Um umferð á svæðinu gilda eftirfarandi takmarkanir:

1. Allur akstur utan merktra slóða er bannaður.
2. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan merktra göngustíga.
3. Ekki má fara með hesta utan merktra akveka á svæðinu og stranglega er bannað að beita þeim innan þess.
4. Aðeins má tjalda á merktum tjaldstæðum.
5. Við friðlýstum rústum má enginn hrófla og ekki ganga innan þeirra.
6. Notkun skotvopna á svæðinu er bönnuð.
7. Vegna friðunar gróðurs í Hvannalindum er skylt að loka hliði við Kreppubrú.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að Náttúruverndarlögum.

Uppdráttur af mörkum friðlandsins fylgir.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ottós B. Arnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. janúar 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ottó B. Arnar.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist „Minningarsjóður Ottós B. Arnar“ og er stofnaður með gjöfum frá nemendum hans, loftskiptamönnum, samstarfsmönnum og vinum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna bá nemendur í Loftskiptaskóla Íslands, sem skara fram úr í stundvísi, ástundun og þekkingu í fræðigreininni.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund. —. Sjóðurinn tekur áfram við gjöfum, sem honum kunna að berast.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eins tryggn hátt og unnt er, í vísitölutryggðum skuldabréfum ríkissjóðs meðan hægt er, en síðar í sparisjóðsdeildum ríkisbankanna eða fasteignatryggðum skuldabréfum. Höfuðstól sjóðsins, eins og hann nú er eða síðar kann að verða vegna gjafa eða vaxtaviðbóta, má ekki skerða.

Til verðlaunaveitinga skv. 2. gr. má árlega nota $\frac{7}{8}$ af vaxtatekjum sjóðsins, en $\frac{1}{8}$ hluta þeirra skal leggja fram til aukningar höfuðstóls hans.